

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1999

18. maí 1999

1013

Nr. 374

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá Fjallasjóðs,  
nr. 504 16. október 1991.**

Stjórn Fjallasjóðs hefur hinn 15. apríl 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 16. október 1991.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, frjáls framlög viðskiptavina og framlög stofnenda.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1999.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

31. maí 1999

Nr. 375

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag fyrir nýtt iðnaðarsvæði á Hvammstanga.**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti þann 11. mars 1999 deiliskipulag fyrir nýtt iðnaðar- og athafnasvæði, svokallað Búlandssvæði, á Hvammstanga, Húnaþingi vestra. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 31. maí 1999.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnaþings vestra,

**Haraldur V. Haraldsson.**

28. maí 1999

Nr. 376

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innesvegi  
að svonefndri Skógargötu á Akranesi.**

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 9. febrúar 1999 var samþykkt deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innesvegi að svonefndri Skógargötu á Akranesi, eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Lóðum við Þjóðbraut austanverða milli Innesvegjar og Skógarhverfis er breytt á þann veg að í stað lóða fyrir opinbera þjónustu og iðnað er neðri hluti svæðisins nú skilgreindur sem þjónustustofnanasvæði/verslunar- og þjónustusvæði, en innri hluti svæðisins sem athafnasvæði/verslunar- og þjónustusvæði. Ákveðið hefur verið að breyta innkeyrslu af Þjóðbraut inn á lóðir samkvæmt deiliskipulagi úr fimm í tvær.

Hægt er að nálgast athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagið og umsögn skipulagsnefndar Akraness hjá bygginga- og skipulagsfulltrúanum á Akranesi, Stillholti 16-18, 3. hæð, daglega frá kl. 11.00-12.00.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

*Akranesi, 28. maí 1999.*

F.h. bygginga- og skipulagsfulltrúans á Akranesi,

**Hannes Frímánn Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

### um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1. gr.

*Almennt.*

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi, sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar og 5. gr. laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

2. gr.

*Skilyrði endurgreiðslu.*

Til að eiga kost á endurgreiðslu skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Einungis félag um framleiðslu kvikmynda hér á landi getur óskað endurgreiðslu.
2. Sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun liggja fyrir.
3. Lágmarksframleiðslukostnaður kvikmynda sé 80 milljónir króna.
4. Framleiðslu kvikmynda hér á landi sé lokið innan þriggja ára frá því að beiðni um endurgreiðslu er móttækin.
5. Efni kvikmynda má ekki stríða gegn ákvæðum laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. gr.

*Umsókn.*

Umsókn um endurgreiðslu ber að senda iðnaðarráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum. Umsókn skal fylgja:

1. Staðfesting á að sérstakt hlutafélag hafi verið stofnað um framleiðslu mynda hér á landi.
2. Sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun auk staðfestingar fjármögnunaraðila.
3. Upplýsingar um efni mynda, s.s. handrit.
4. Upplýsingar um tökustaði.